

Alþingi
Erindi nr. P 136/266
komudagur 28.11.2008

Samband foreldrafélaga og foreldraráða í skólum Reykjavíkur á grunnskólastigi

Reykjavík 21.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn stjórnar SAMFOK um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss:
136. löggjafarþing 2008-2009; þskj. 24 – 24. mál.

Stjórn SAMFOK þakkar fyrir að fá að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss.


SAMFOK leggur mikla áherslu á að meiri gaumur verði gefinn að börnum í íslensku samfélagi, menntun þeirra, líðan og möguleikum á að þroskast eins og kostur er. Stofnun barnameningarhúss gæti verið jákvætt skref í rétta átt en þó veltur allt á því hvernig að því er staðið.

Það er mat SAMFOK að miklu máli skipti að styðja við og stuðla að listsköpun barna, fyrir börn og með börnum. Stofnun barnameningarhúss sem gegndi hlutverki miðstöðvar sem tengdi saman krafta ólíkra listgreina og stofnana, hvetti börn til listsköpunar, miðlaði menningu fyrir börn og þekkingu um barnameningu og mikilvægi hennar gæti stuðlað að slíku.

Stjórn SAMFOK leggur áherslu á mikilvægi þess að allt skapandi starf með og fyrir börn sem hefur verið byggt upp á liðnum árum verði styrkt enn frekar. Það er mat stjórnarinnar að mikilvægt sé að slíkt starf fari sem mest fram í hverju sveitarfélagi, í nærumhverfinu, í skólanum, fristundaheimilinu, félagsmiðstöðinni o.s.frv. Stofnun barnameningarhúss má ekki verða á kostnað faglegs starfs sem unnið er nú þegar með börnum. Tryggja þarf að barnameningarhús stuðli að öflugu grasrótastarfi og faglegu utanumhaldi um listsköpun barna. Ennfremur þarf að búa þannig um hnútana að öll börn eigi möguleika á að nýta sér tilboð um listsköpun, óháð efnahag foreldra.

Það er álit stjórnar SAMFOK að tryggja þurfi rekstrargrundvöll barnameningarhúss með opinberum framlögum. Auk þess leggur stjórnin áherslu á að barnameningarhús verði ekki minnisvarði í formi húsnæðis heldur verði fjarmagn varið í faglegt og skapandi starf með og fyrir börn á Íslandi.

f.h. stjórnar SAMFOK


Bergþóra Valsdóttir
framkvæmdastjóri